

Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis
við Bandalag íslenskra listamanna
um ráðstöfun styrktarframlags í fjárlögum

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Bandalag íslenskra listamanna, kt. 440169-2959, í samningi þessum nefnt BÍL, gera með sér svofelldan samning.

1. Markmið og starfsemi

- 1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að styðja við starfsemi BÍL vegna samstarfs við ráðuneytið við mörkun og eftirfylgni stefnu á sviði menningarmála.
- 1.2. Starfsemin verður að uppistöðu fólgin í eftirtöldu:
 - Vinna með ráðuneytinu að meginmarkmiðum á málefnasviði 18, menning og listir. Eitt af meginmarkmið aðgerða ríkisins á málefnasviðinu er bæta aðstöðu til menningar- og listastarfsemi í landinu.
 - Vera ráðuneytinu til ráðgjafar um mál er varða listir og listamenn almennt, stefnumörkun, stuðning við ný listform, kynningu á íslenskri list erlendis og fleiri mál sem upp kunna að koma.
 - Láta ráðuneytinu í té umsagnir, álitserðir, upplýsingar og ráðgjöf um mál er ráðuneytið vísar til BÍL til slíkrar umfjöllunar.
 - Annast tengsl við systurstofnanir erlendis og taka þátt í fjölþjóðlegu samstarfi á sviði lista eftir því sem aðstæður leyfa.
- 1.3. Verkefnum þeim sem BÍL er ætlað að annast, markmiðum þeirra og framvindu er nánar lýst í viðauka A, starfsáætlun BÍL 2017, við þennan samning.

2. Forsendur samnings, lagaheimildir og lagaskyldur

- 2.1. Samningur þessi er gerður í samræmi við reglur ráðuneytisins um úthlutun styrkja, dags. 10. október 2014, og með vísan til auglýsingar eftir umsóknum um styrki, dags. 30. september 2016.
- 2.2. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 2.3. Rekstrarframlag í samningi þessum fellur undir stefnu ráðherra í málaflokki 18.3, Menning og listir, sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 2.4. BÍL starfar samkvæmt lögum sem voru samþykkt á aðalfundi BÍL 4. nóvember 2000 með síðari breytingum.
- 2.5. BÍL starfar í samræmi við lög og almenn stjórnvaldsfyrirmæli sem gilda um umsamda starfsemi en einnig, eftir því sem við á, eftir lögum og almennum stjórnvaldsfyrirmælum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.

3. Ábyrgð

- 3.1. BÍL ber ábyrgð á þeirri starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Jafnframt skuldbindur BÍL sig til að uppfylla öll þau skilyrði og kröfur sem samningur þessi fjallar um. BÍL skal leggja fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. BÍL skal annast framkvæmd samningsins fyrst og fremst sjálf með eigin starfsliði. BÍL er heimilt að ráða undirverktaka til að annast tiltekna þætti í verkefninu og ber það þá ábyrgð á framkvæmd verka undirverktaka.
- 3.3. BÍL ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.

3.4. BÍL er óheimilt að:

3.4.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.

3.4.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

3.5. Að öðru leyti skal framkvæmd samnings þessa uppfylla reglur ráðuneytisins um úthlutun styrkja, dags. 10. október 2014, sem og skilmála styrks frá ráðuneytinu.¹ Komi í ljós ósamræmi milli samnings þessa annars vegar og reglnanna og skilmálanna hins vegar, gilda ákvæði samningsins.

4. Greiðslur og fjármál

4.1. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag í þrem hlutum: Við undirritun samnings 2,5 m.kr., 1. júní 1 m.kr. og 1. október 1 m.kr. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka BÍL. Fyrsta greiðsla samkvæmt samningi þessum greiðist strax að lokinni undirskrift hans.

4.2. Fjárhæðir framlaga í samningi þessum eru settar fram með fyrirvara um fjárveitingar á grundvelli ákvörðunar Alþingis um fjárheimildir í fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunni að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Heimilt er að gera ráð fyrir aðhaldi í rekstri þeirra verkefna sem samningurinn tekur til á sama hátt og í málaflokkum hjá ríkisstofnunum og öðrum aðilum sem annast sambærilega starfsemi, taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga. Komi til lækkunar á fjárveitingu til verkefnisins skulu samningsaðilar taka upp viðræður um að aðlaga verkefnið að breyttri fjárveitingu. Allar breytingar á ákvæðum samnings þessa skulu aðilar gera skriflega í viðauka.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

5.1. BÍL skilar ráðuneytinu:

5.1.1. Áætlun um rekstur og efnahag ásamt starfsáætlun fyrir miðjan febrúar ár hvert. Í áætluninni skal m.a. koma hvernig er áætlað að ráðstafa framlaginu, áætluð dreifing útgjalda og tekna innan ársins, auk helstu markmiða sem unnið verður að og mælikvarðar við mat á árangri þeirra.

5.1.2. Endurskoðaðan ársreikningi ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní ár hvert og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.

5.2. Eigi BÍL í viðskiptum við lögaðila sem BÍL á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda BÍL, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gera skal grein fyrir þeim í ársreikningi.

6. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

6.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.

6.2. Fulltrúar ráðuneytis og BÍL funda að lágmarki árlega um samninginn.

6.3. Fyrir lok júní ár hvert skilar BÍL ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi meðal annars hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.

6.4. BÍL skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.

6.5. BÍL veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.

6.6. Samning þennan, ársreikning BÍL, greinargerð um framkvæmd samningsins og úttektarskýrslur skal birta á vef BÍL jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.

6.7. BÍL setur á vefsíðu sína ýmis gögn um framvindu verkefna og starfsemi, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.

¹ <https://www.menntamalaraduneyti.is/sjodir-og-eydublod/um-skilmala-styrkja/>


7. Vanefndir og meðferð ágreinings


- 7.1. BÍL tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt skal BÍL greina frá þeim úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 7.2. Ráðuneytinu er heimilt að fresta, draga úr eða stöðva greiðslur, og endurkrefja um greiðslur uppfylli BÍL ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 7.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 7.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. Gildistími og lok samnings

- 8.1. Samningurinn gildir frá undirritun til 31. desember 2017.
- 8.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má. Allar breytingar á samningi þessum skulu gerðar skriflega í viðauka.
- 8.3. Óski annar hvor samningsaðila að semja um áframhald eftir að gildistími samningsins lýkur skal hann koma því á framfæri fyrir lok september það ár sem samningurinn rennur út.
- 8.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 8.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík 16. maí 2017


F.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis


F.h. Bandalags íslenskra listamanna

Handwritten scribbles or marks, possibly illegible text or a signature.